

Fundargerð

170. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 28. ágúst 2012 kl. 12³⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Verkefni haustsins
- (3) Rekstur janúar – júlí 2012
- (4) Markaðar tekjur
- (5) Rafhlöður og rafgeymar
- (6) Ársfundur fyrir rekstrarárið 2011
- (7) Fundartímar haustið 2012
- (8) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (169. fundar).

2. Verkefni haustsins

Lagt var fram á fundinum yfirlit um helstu verkefni haustsins 2012. Fundarmenn ræddu komandi verkefni.

3. Rekstur janúar – maí 2012

Lagt var fram yfirlit yfir rekstur vörflokka fyrstu sjö mánuði ársins auk upplýsinga um stöðu sjóða um síðustu áramót. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

4. Markaðar tekjur

Farið var yfir erindi sem umhverfissráðuneytið er með til umsagnar frá fjárlaganefnd Alþingis og fjármálaráðuneytinu um afnám svokallaðra markaðra tekna stofnana og fjárlagaliða. Samkvæmt því er fram kemur í erindinu virðist sem að markaðar tekjur stofnana eigi að fara beint í ríkissjóð og er úthlutað aftur til stofnana með fjárlögum. Úrvinnslusjóður er á lista sem fylgdi erindinu. ÓK mun svara umhverfissráðuneytinu og ítreka afstöðu stjórnar til erindisins

5. Rafhlöður og rafgeymar

ÓK fór yfir að með lagabreytingu á síðasta ári yfirfærðist framleiðendaábyrgð vegna rafhlaðna til Úrvinnslusjóðs, enda greiddu framleiðendur og innflytjendur úrvinnslugjald af rafhlöðunum. Fram til þessa dags hefur úrvinnslugjald aðeins verið lagt á stakar rafhlöður en ekki á rafhlöður í tækjum. Ofangreind lagabreyting kallar á að úrvinnslugjald sé einnig lagt á rafhlöður í tækjum.

Undirbúningur er hafinn að breyttri álagningu úrvinnslugjalds í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu og Félag atvinnurekenda.

Rætt var á fundinum um að álagning á rafgeyma í ökutækjum sem miðast við startgeyma en ekki rafgeyma sem drífa ökutækið áfram. Breyta þarf álagningu á rafgeyma til að mæta aukinni notkun rafgeyma sem aðalorkugjafa eða aukaorkgjafa (tvíorkubílar) í farartækjum.

6. Ársfundur fyrir rekstrarárið 2011

Tillaga um að halda ársfund Úrvinnslusjóðs fimmtudaginn 11. október 2012.

Samþykkt.

7. Fundartímar haustið 2012

Lagt var fram fundardagatal. Miðað er við að halda fundi með hálfsmánaðar fresti að jafnaði.

Samþykkt.

8. Önnur mál

Fundarmenn ræddu útsendingu fundargagna. Óskað var eftir að þau yrðu send út með meiri fyrirvara. Stjórnaformaður og framkvæmdastjóri munu reyna að bæta úr.

ÓK og GGS yfirlit fund kl. 13:45

Næsti fundur ákveðinn 11.september 2012.

Fundi slitið kl 14:30